

# Samfélagsfræði 7.-8. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir

## Almennt um kennsluna

Kennslustundafjöldi er breytilegur eftir lotum.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

## Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir samfélagsfræði eru sett fram í þremur flokkum.

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

### 7.b

- Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

### 8.b

- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.
- Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.

## Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

### 7.b

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.

### 8.b

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspækkingar.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Röktutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.
- Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

#### 7.b

- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

#### 8.b

- Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.
- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra.
- Sinnt velferð og haf samferðafólks síns.

### Námsmat

Hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá eru metin jafnt og þétt yfir önnina. Þau safnast svo saman og mynda hæfnikort nemandans á Mentor.

Einkunnir í desember og maí eru gefnar í umsögnum. Nemendur í 7.bekk fá einkunn í bókstöfum í maí.